

Aðalfundur Vistbyggðarráðs

Fundargerð:

Tími: Fimmtudagur 3. Apríl 2014, kl. 14.00 – 15.45

Staður: Fundarsalur Ásbyrgi, Verkís, Ofanleiti 2

Þátttakendur: Fulltrúar aðila að Vistbyggðarráði

Fundarritari: Elín Vignisdóttir

Dreifing: Fundarmenn

1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir

Lagt var til að Sveinn Ingi Ólafsson tæki að sér fundarstjórn og Elín Vignisdóttir ritaði fundargerð. Þau voru samþykkt af fundarmönnum.

2. Erindi

Hafsteinn Pálsson, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti flutti erindi sitt, **Er byggingareglugerðin boðberi breytinga á byggingarmarkaði eða þarf meira til?** Þar sem hann fjallaði um þær breytingar sem urðu á byggingareglugerð nr. 112/2012 með reglugerð 280/2014, en þær munu einkum auka sveigjanleika um hönnun íbúðarhúsnæðis. Í minna húsnæði hafa kröfur um lágmarksstærð rýma verið felldar brott en í staðin eru komnar markmiðskröfur. Þá hugleiddi Hafsteinn einnig um framtíðina og þau atriði sem munu líklega koma inn í byggingareglugerð með tíð og tíma.

3. Skýrsla stjórnar

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, formaður Vistbyggðarráðs, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór það yfir helstu verkefni sem unnið var að á árinu, m.a. kynningarmál, opnir fundir, norrænt samstarf og samstarf við önnur félög eða stofnanir. Þá fór drjúgur tími af vinnu ársins í að sækja um tvo norræna styrki í samvinnu við systurfélögin á Norðurlöndunum og fengust þeir auk þess sem stjórn Vistbyggðarráðs tók þá ákvörðun að stefna á upptöku norræns Breeam vottunarkerfis á Íslandi í samvinnu við norrænu vistbyggðarráðin. Þá flutti Vistbyggðarráð starfsstöð sína til Verkís í Ofanleiti 2 í febrúar 2014.

4. Ársreikningur

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson, gjaldkeri Vistbyggðarráðs, kynnti ársreikning fyrir árið 2013. Tekjur hafa aðeins hækkað en 3 nýir aðilar komu inn á árinu. Á móti kemur að ýmiss rekstrarkostnaður hefur hækkað þannig að gengið hefur á eigið fé félagsins. Skoðunarmenn reikninga hafa yfirfarið þá og þeir hafa verið yfirfarnir af endurskoðanda. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2013 voru samþykktir af fundarmönnum.

5. Starfsáætlun 2014-2015

Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs, fór yfir starfsáætlun fyrir næsta ár. Töluverð breyting verður á starfinu á næsta ári þar sem fengist hafa tveir stórir styrkir fyrir tvö norræn verkefni sem unnin verða í samvinnu við systurfélög Vistbyggðarráðs á Norðurlöndunum. Starfshlutfall framkvæmdastýru mun aukast í 100% á seinni hluta ársins og mun stór hluti vinnunnar

fara í að sinna þessum tveim verkefnum. Minni áhersla verður á opna fundi en þó verða ýmsir viðburðir á döfinni, einkum í samvinnu við önnur félög. Í tengslum við norrænu verkefni tvö og undirbúning að innleiðingu norræns Breeam kerfis á Íslandi er nauðsynlegt að setja á fót nokkrar vinnuhópa og er óskað eftir að aðilar taki jákvætt í þátttöku í slíkri vinnu. Í starfsáætlun er einnig unnið að því að koma á almennu námskeiðum um vistvænar byggingar haustið 2014.

6. Lagabreytingar

Ekki er gerð tillaga að neinum lagabreytingum.

Að sinni er ekki gerð tillaga að hækkun aðildargjalda en heldur setur stjórnin sér og aðilar allir það markmið að fjölga aðilum um þá hækkun sem nauðsynleg er að verði á tekjum félagsins til að reksturinn standi undir sér.

EF það tekst ekki gæti komið til aukaaðalfundar í haust eða gjöld verði hækkuð á næsta aðalfundi.

7. Kosning stjórnar

Kjósa þarf um þrjú sæti aðalfulltrúa í stjórn auk tveggja varafulltrúa. Öll sæti eru til 2ja ára nema annar varafulltrúi er kosinn til eins árs, þar sem Lena Kadmark, annar varafulltrúa, hætti í stjórninni um áramót. Allir núverandi stjórnarmenn buðu sig fram til áframhaldandi setu í stjórn auk eins nýs framboðs. Er því lög fram eftirfarandi tillaga að nýrri stjórn til samþykktar á fundinum:

- Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (kosinn nú sem aðalfulltrúi til 2 ára)
- Björn Guðbrandsson (kosinn nú sem aðalfulltrúi til 2 ára)
- Haukur Magnússon (ÍAV)- kemur nýr inn. Kosinn til 2 ára.
- Helga Jóhanna Bjarnadóttir- situr sitt annað starfsár.
- Ásdís Hlökk Theodórsdóttir- situr sitt annað starfsár.

- Páll Gunnlaugsson (varamaður)- kosinn í 1 ár (í stað Lenu Kadmark)
- Elín Vignisdóttir (varamaður)- kosin inn sem varamaður í 2 ár.

Var tillaga að nýrri stjórn samþykkt.

Lena Kadmark er hætt í stjórninni þar sem hún er flutt til Svíþjóðar. Henni er þakkað samstarfið á liðnum árum.

8. Skoðunarmenn reikninga

Borist höfðu tvö framboð um skoðunarmenn reikninga, Aldís Norðfjörð, Mannvirkjastofnun og Rúnar Gunnarsson, Reykjavíkurborg. Voru þau samþykkt.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

10. Fundi slitið.

Fundi var slitið kl. 15.45.